

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 109/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Axelssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Fjárdráttur. Skaðabætur. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson,

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. mars 1996 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Ákærði áfrýjaði til endurskoðunar héraðsdóms samkvæmt a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins og að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara krefst ákærði, að refsing verði milduð og hún skilorðsbundin. Enn fremur krefst hann þess, að vextir af bótakröfunni verði einungis dæmdir frá uppsögu héraðsdóms.

Ákærvald krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, tók ákærði 17. desember 1990 við olíumálverki því, sem mál þetta varðar, til þess að selja í umboðssölu fyrir eigendur þess, Maríu Bergmann og Einar Árnason. Þar kemur einnig fram, að ekki er fullkomlega ljóst, hvenær ákærði lét það úr vörslum sínum. Í héraðsdómi er enn fremur greint frá því, að vorið 1994 hafi sonur eigenda málverksins hafist handa um að grennslast fyrir um afdrif þess. Í apríl 1995 var af hálfu eigendanna óskað eftir opinberri rannsókn vegna hvarfs málverksins. Í bréfi, undirrituðu 5. og 12. september sama ár, gerðu eigendur þess formlega bótakröfu á hendur ákærða. Var fjárhæð kröfu þeirra 1.800.000 krónur. Jafnframt gerðu þau kröfu um vexti af höfuðstólnum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. desember 1990 til 5. október 1995, en dráttarvaxta eftir III. kafla sömu laga frá þeim degi. Í bréfi 7. febrúar 1996 féllust eigendurnir hins vegar á að lækka kröfuna með hliðsjón af upplýsingum, sem aflað var frá málverkasala

um sennilegt söluverð málverksins á almennum markaði. Þegar þetta er virt, þykir rétt að dæma ákærða til að greiða dráttarvexti af bótakröfunni frá uppsögu héraðsdóms 9. febrúar 1996.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur um annað en vexti, sem ákærða verður gert að greiða Maríu Bergmann og Einari Árnasyni, svo sem ákveðið er í dómsorði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en vexti.

Ákærði, Guðmundur Axelsson, greiði Maríu Bergmann og Einari Árnasyni 1.350.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. febrúar 1996 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 1996.

Ár 1996, föstudaginn 9. febrúar, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 1253/1995: Ákærvaldið gegn Guðmundi Axelssyni, á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Málið dæmir Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. desember sl. og birtu 22. janúar 1996, á hendur Guðmundi Axelssyni, Laugavegi 8, Reykjavík, fæddum 9. maí 1936, fæðingarnúmer 257, fyrir fjárdrátt með því að ráðstafa í eigin þágu án þess að gera upp við eigendur olíumálverki eftir Jóhannes S. Kjarval, sem ákærði tók í umboðssölu 17. desember 1990 og áætlaði verð þess 1.800.000 krónur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Einar Árnason, kt. 220725-5029, Skúlagötu 40 A, Reykjavík, og María Bergmann, kt. 120935-2599, Fjölnisvegi 9, Reykjavík, krefjast í málinu sam-

an skaðabóta, 1.800.000 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. desember 1990 til 15. október 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði viðurkennir að hafa tekið við málverkinu, en segist hafa án samráðs við eigendur fengið það Jørgen Holm, fyrrum skipamiðlara og verðbréfasala, fyrir rúmum tveimur árum, til að hann færi með það til Danmerkur og seldi það þar. Hann gengst ekki við að hafa dregið sér málverkið. Þar sem afdráttarlaus játning hefur ekki komið fram í málinu, hefur það verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði rak málverkasölu og tók við málverkinu til sölu 17. desember 1990. Áætlaði hann þá verð þess 1.800.000 kr. Kom aldrei til þess, að ákærði tilkynnti kærendum um tilboð í verkið. Sonur kæranda hófst handa vorið 1994 og hugðist grennslast fyrir um afdrif málverksins, en komst þá að því, að ákærði var hættur málverkasölu. Samband náðist við ákærða 15. nóvember 1994, og sagðist hann þá hafa sent verkið til Danmerkur, eins og að ofan greinir. Eftirgrennslan í Danmörku leiddi í ljós, að Jørgen Holm hafði látist vorið 1994, og málverkið fannst ekki í búi hans.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir lögreglu og dómi. Hér fyrir dómi segir ákærði, að margar tilraunir hafi verið gerðar til að selja verkið; það hafi oft farið á uppboð, en því verið kippt inn aftur, þar sem ekki fékkst nógu hátt verð; umboðsmaður kæranda hafi fylgst með sölutilraunum. Hann segist ef-laust hafa spurt um málverkið, eftir að það fór til Danmerkur árið 1993, en kann nú ekki að greina frá þeim eftirgrennslunum í einstökum atriðum. Hann kveðst engin gögn geta sýnt fyrir því, að verkið hafi verið sent utan, ekkja Jørgens Holm kannist ekki við, að verkið hafi verið í dánarbúinu, en ákærði hefur ekki reynt að tala við þann, sem sér um dánarbúið. Hann kveðst ekki vita, hvort búinu er skipt opinberum skiptum eða einkaskiptum eða hvort erfingjar hafa gengist við skuldum.

Ákærði hefur engum stóðum skotið undir frásögn sína um örlög málverksins, en ætla verður, að maður með hans viðskiptareynslu hefði tryggt sér sönnun fyrir afhendingu verksins, ef hann hefði sent það úr landi, eins og hann heldur fram. Saga ákærða um hvarf verksins verður því að teljast ótrúverðug, og þykir þá verða að leggja til grundvallar, að um verkið hafi farið eins og staðhæft er í ákæru. Verður þá að leggja til grundvallar, að um huglæg skilyrði skv. 243. gr. alm. hegningarlaga sé að ræða á sama hátt og önnur skilyrði, sem ekki er verulegur vafi um. Þykir þá fullsannað með skýrslu ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi gerst sekur um fjárdrátt og brotið þannig gegn ákvæði 247. gr. alm. hegningarlaga, eins og greinir í ákæru.

Ákærði hefur ekki sætt refsingu fyrir hegningarlagabrot fyrr, svo að kunnugt sé. Hins vegar hefur hann 14 sinnum gengist undir viðurlög fyrir umferðarlagabrot og einu sinni verið dæmdur í sekt fyrir brot á áfengis- og tollalögum á árabílinu frá 1955 til 1987, en þrisvar hefur orðið verulegt hlé á brotum. Þegar litið er til verðmætis málverksins, þykir ekki fært að skil-orðsbinda refsingu að fullu, sem þykir hæfilega ákveðin átta mánaða fangelsi, en þar af skulu fimm mánuðir frestast og falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940. Eftir þessari niðurstöðu ber ákærða að greiða sakarkostnað og skaðabætur. Óumdeilt er, að verðmæti málverksins sé 1.350.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Axelsson, sæti fangelsi í átta mánuði, en fullnustu fimm mánaða þar af er frestað, og skal sá hluti refsingarinnar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1995.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., 35.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 kr.

Ákærði greiði Maríu Bergmann og Einari Árnasyni 1.350.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. desember 1990 til 15. október 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.
